



Stefna um notkun myndavélakerfis hjá Spretti

Hestamannafélagið Sprettur

1. Tilgangur myndavélakerfis

Tilgangur myndavélakerfa Hestamannafélagsins Sprettis er:

- að stuðla að öryggi félagsmanna á svæðum, innan- og utandyra sem eru í umsjón félagsins
- að fyrirbyggja skemmdarverk, þjófnað og óviðeigandi umgengni
- að geta, ef þörf krefur, aðstoðað lögreglu við rannsókn mála sem geta komið upp á svæðinu

Myndavélar eru ekki notaðar til:

- eftirlits með einstaklingum
- mats á hegðun félagsmanna
- annarra persónubundinna athugana

2. Hvar eru myndavélar staðsettar

Myndavélar eru staðsettar á:

- Inni í veislusal, inni í reiðhöllum og á útisvæðum sem er í umsjón félagsins
- sameiginlegum svæðum þar sem bifreiðaumferð er mikil

Ekki eru myndavélar staðsettar:

- í búningssklefum
- salernum
- á öðrum svæðum þar sem fólk má vænta fulls einkalífs

Félagið heldur innanhússskrá yfir staðsetningu myndavéla og hvaða tilgangi hver staðsetning gegnir.

Almenn lýsing á því hvar myndavélar eru skal vera aðgengileg á vef félagsins.



3. Upptaka og virkni

- Myndavélar geta verið í stöðugri upptöku, með hreyfiskynjum eða virkar á fyrirfram ákveðnum tímum
- Upptökur innihalda myndefni en ekki hljóð
- Skilti eru sýnileg á svæðum þar sem myndavélar eru í notkun

4. Aðgangur að upptökum

- Aðgangur að myndefni hafa aðeins sérstaklega tilnefndir fulltrúar félagsins (t.d. formaður og/eða framkvæmdastjóri), viðkomandi aðilar hafa skrifað undir trúnaðarskjal
- Aðgangur er skráður og takmarkaður við nauðsynleg tilvik

5. Afhending gagna

- Myndefni er eingöngu afhent lögreglu, gegn formlegri beiðni vegna rannsóknar á mögulegu broti

6. Varðveisla og eyðing myndefnis

- Upptökur eru varðveittar í hámark 90 daga
- Að loknum varðveislutíma er myndefni sjálfvirktt eða handvirktt eytt
- Myndefni er eytt samkvæmt reglum um persónuverndarlöggjöf
- Ef myndefni er tekið frá vegna rannsóknar skal það varðveitt þar til máli lýkur

7. Persónuvernd

- Meðferð myndefnis fer fram í samræmi við persónuverndarlöggjöf
- Félagið leitast við að gæta hófs, meðalhófs og gagnsæis við notkun myndavélakerfa
- Einstaklingar geta leitað til félagsins með fyrirspurnir varðandi almenna notkun kerfisins



8. Birting upplýsinga

Þessi stefna skal vera:

- aðgengileg á vef Hestamannafélagsins Spretts www.sprettur.is
- uppfærð ef breytingar verða á myndavélakerfinu

9. Ábyrgð

Formaður og/eða framkvæmdastjóri Spretts ber ábyrgð á:

- að notkun myndavélakerfis sé í samræmi við þessa stefnu
- að aðgangur og meðferð gagna sé rétt og skráð

Samþykkt

Samþykkt á stjórnarfundum Hestamannafélagsins Spretts þann 10.03.2026